



Fundur kosningastjórnar Sósíalístaflokks Íslands sunnudaginn 23. júní 2024, klukkan 11:00 í Bolholti 6 og á Zoom fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Halldóra Hafsteinsdóttir, Karl Héðinn Kristjánsson, Guðröður Atli Jónsson, Guðmundur Jón Erlendsson, Bragi Páll Sigurðarson, Þórdís Bjarnleifsdóttir, Anita Da Silva Bjarnadóttir, Hjálmar Friðriksson, Rán Reynisdóttir, Guðmundur Auðunsson, Mahdya Malik og Þórarinn Haraldsson.

Halldóra ritar fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

Dagskrá:

1. Meðlimir kosningastjórnar kynna sig.

Meðlimir fara hringinn og kynna sig og hvað þau standa fyrir.

2. Hlutverk kosningastjórnar.

Rætt um hlutverk og markmið kosningastjórnar. Umræða um val á lista og stefnur flokksins og hvernig þeim verður komið á framfæri. Einnig rætt um hvernig megi nýta Vorstjórnuna Alþýðuhús og Samstöðina við að kynna málefni og áherslur Sósíalista.

Kosningastjórn skiptir með sér verkum; formaður, varaformaður og ritari. Eftirfarandi var samþykkt:

Formaður: Sanna Magdalena Mörtudóttir

Varaformaður: Bragi Páll Sigurðarson

Ritari: Halldóra Hafsteinsdóttir

3. Ákvörðun fundartíma og skipulag framundan.

Ákvörðun á föstum fundartíma. Ákveðið að fundir verði haldnir á sunnudögum frá klukkan 11. Karli falið að útbúa fundaraðstöðu í afmörkuðu rými í Vorstjórnunni Alþýðuhúsi.

Umræða um verkefni í sumar:

Rætt um að nýta Vorstjórnuna Alþýðuhús sem opið hús þar sem fólki er velkomið að koma og ræða málín. Einnig rætt um að halda opna félagsfundi og samtali við aðrar stjórnir flokksins varðandi undirbúning viðburða. Fjallað var um mikilvægi sýnileika flokksins.

Sönnu falið að tala við formann Málefnaþingar varðandi opinn fund um húsnaðismál. Áhersla á að ná til fólks og heyra þeirra frásagnir.

Samþykkt að Anita, Karl og Hjálmar fari yfir samfélagsmiðla sem standa flokknum til boða og kynni á næsta fundi hvaða möguleikar eru í boði fyrir flokkinn til að kynna áherslur. Mikilvægt er að ná til ungs fólks.

Rætt um aðferðir við að velja fólk á lista og mikilvægi þess að flokkurinn hafi öflugt talsfólk. Umræðum verður haldið áfram á næsta fundi.

4. Önnur mál.

Rætt um mikilvægi þess að þýða efnið okkar á önnur tungumál og leitast við að ná til fjölbreyttra þjóðfélagshópa.

Sett fram hugmynd að slembivelja félagsmenn eftir kjördæmum til þess að kanna áhuga á þátttöku í innra starfi og framboði. Verður rætt nánar á næsta fundi samhliða umræðu um val á lista.